

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Gestsstaðir ehf.
kt. 650512-0810

Starfsstöð: Hjallaleiru 17 og 19, 730 Reyðarfjörður
Fastanúmer: F230-2586

Starfsstöð: frá 4. október 2022 til 4. október 2034

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Móttökustöð úrgangs, geymsla og flokkun á úrgangi
- Flutningur úrgangs til endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar
- Flutningur á spilliefnum til móttökustöðvar
- Móttöku og úrvinnslu úr sér genginna ökutækja

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., skv. lögum nr. 55/2003 um meðferð úrgangs. og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Starfsleyfi þetta skal vera aðgengilegt á starfsstöð. Skytt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Framsal þessa leyfis er óheimilt.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



HAUST
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Gestsstaðir ehf.
kt. 650512-0810
Starfsstöð: Hjallaleiru 17 og 19, 730 Reyðarfjörður
Fastanúmer: F230-2586

Leyfið gildir frá 4. október 2022 til 4. október 2034

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- **Móttökustöð úrgangs, geymsla og flokkun á úrgangi**
- **Flutningur úrgangs til endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar**
- **Flutningur á spilliefnum til móttökustöðvar**
- **Móttöku og úrvinnslu úr sér genginna ökutækja**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 23. ágúst 2022.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br.*

Starfsleyfishafi er ábyrgur fyrir starfseminni og því að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum hverju sinni sem, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag. Starfsleyfishafi ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfsemi sinnar og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

1 Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Um er að ræða starfsleyfi vegna skammtímageymslu úrgangsflokka og frágang á þeim til flutnings og endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar. Megnið af úrganginum sem tekið er á móti kemur frá móttökustöðvum sveitarfélagsins Fjarðabyggðar.

Athugið að ekki er um að ræða almenna móttöku úrgangs þar sem almenningur hefur aðgang sbr. gámavelli.

Um starfsemina gildir m.a.

- *fylgiskjal I – Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *fylgiskjal II – Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á spilliefnum*
- *fylgiskjal III – Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning úrgangi öðrum en spilliefnum*

1.1 Móttaka úrgangs

Móttökustöðin er lokað svæði þar sem úrgangi er safnað saman kerfisbundið til flokkunar til endurvinnslu og endurnýtingar og/eða til förgunar. Úrgangsflokkar eru ýmsir, þó ekki blandaður heimilisúrgangur eða lífrænn úrgangur. Notaðar eru pressur til að rúmmáls minnka pappu, plast o.þ.h. Magni úrgangs á athafnasvæðinu skal haldið í lágmarki og aldrei verða svo mikið að hætta skapist.

1.1.1 Heimilt að taka á móti og geyma til skamms tíma

- allan úrgang sem ekki flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, þó ekki blandaðan heimilisúrgangur eða lífrænn úrgangur
- úrgang sem flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, enda sé hvorki um mikið magn né mjög hættuleg efni að ræða.
- raf- og rafeindaúrgang.
- úr sér gengin ökutæki sem hafa verið hreinsuð af vökvum og spilliefnum.

1.1.2 Óheimilt er að taka á móti, meðhöndla eða geyma

- hreinsunarúrgang sem fellur til við hreinsun fráveitu, s.s. salernisúrgang, síu- eða ristarúrgang og seyru.
- úrgang frá landbúnaði annan en plast af heyrúllum.
- hræ af dýrum.
- sóttmengaðan úrgang, þ.m.t. sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum.
- brotajárn sem inniheldur spilliefni, s.s. úr sér gengin ökutæki sem ekki hafa verið hreinsuð af vökvum og spilliefnum.
- geislavirkan úrgang.

1.2 Móttaka og úrvinnsla úr sér genginna ökutækja.

Heimilt er taka á móti og geyma til skamms úr sér gengin ökutæki. Áður en ökutæki eru tekin til frekari úrvinnslu skulu allir vökvar og olíur hreinsaðir úr þeim innan dyra og komið í viðeigandi úrgangsflokka

1.3 Geymsla úrgangs

Við söfnun og geymslu úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang m.s.br., reglugerðar nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á, auk annarra reglugerða sem kunna að gilda um einstaka þætti starfseminnar.

Rekstraraðila er skylt að halda flutningsbifreiðum, tækjum og búnaði hreinum og snyrtilegum. Fullnægjandi aðstaða skal vera fyrir hendi til daglegra þrifa á flutningstækjum.

Fara skal að kröfum brunaeftirlitsins hvað varðar leyfilegt magn brennanlegs úrgangs á athafnasvæðinu hverju sinni.

1.3.1 Almennur og hættulítil úrgangur

Úrgangur skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar.

Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgangur skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát.

Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgangur skulu vera heil og henta fyrir þann úrgangur sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Þeim skal jafnframt haldið hreinum með reglulegum þrifum.

Hindra skal aðgangur meindýra, fugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.

Starfsleyfishafi skal halda magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði fyrirtækisins í lágmarki og gæta þess að aldrei skapist hætta vegna óhóflegrar uppsöfnunar úrgangs. Úrgangur sem tekið er á móti skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi.

Urðun, brennsla og önnur meðferð úrgangs en móttaka, flokkun og geymsla er óheimil á athafnasvæði fyrirtækisins.

1.3.2 Úrgangur sem flokkast sem spilliefni

Söfnun og geymsla úrgangs sem flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgangur og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs skal fara fram, eftir atvikum, á afmörkuðu svæði með vökvaheldu yfirborði tengdu við viðeigandi mengunarvarnarbúnað eða í læsanlegu, loftræstu rými með aðstöðu til lekasöfnunar. Gæta skal að ákvæðum laga nr. 46/1988 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn.

Úrgangur sem flokkast sem spilliefni skal meðhöndla af varúð og þess vandlega gætt að hann hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

Úrgangur sem flokkast sem spilliefni skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgangur né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.

Geyma skal raf- og rafeindatækjaúrgangur sem og rafhlöður og rafgeyma í þar til gerðum ílátum á svæði með ógegnðræpu yfirborði þar sem fyrir hendi er aðstaða til lekasöfnunar, undir viðeigandi yfirbreiðslu sem er vind- og vatnsheld, þéttu, vatnsheldu loki eða í viðeigandi lokanlegum og loftræstum gámum.

Geyma skal öll efni og efnablöndur í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Olíuúrgangur og notaða matarolíu skal geyma á viðeigandi hátt í til þess ætluðum ílátum eða geymum í lekabyttum eða á vökvaheldu plani með niðurföllum tengdum við olíuskilju. Óheimilt er að losa olíuúrgangur í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgangur.

Þegar tekið er á móti úrgangi sem flokkast sem spilliefni skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.

2 Mengunarvarnir og búnaður

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láðs og/eða lagar sem kannað stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

2.1 Fráveita

Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður.

4.1.1. Mengunarvarnir fráveitu - skólp

Fráveita frá salerni og niðurföllum (öðrum en þeim sem leidd eru til olíuskilju) er leidd í fráveitu sveitarfélagsins. Óheimilt er að losa spilliefni, olíufeni eða efnavöru í fráveitu

4.1.2. Mengunarvarnir fráveitu Olíuskilja

Fráveita frá athafnasvæði er leidd í sambyggða sand-og olíuskilju

Hafa skal reglubundið eftirlit með olíuskilju og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Olíuskiljur og sandskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti og flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.

Sýnataka af fráveituvatni frá olíuskilju

Rekstraraðili skal láta taka sýni af fráveituvatni frá olíuskilju á þriggja ára fresti. Rannsaka skal magn olíu/fitu í fráveituvatninu. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm af olíu í fráveituvatni.

Mælingar á efnastyrk í frárennslis og tíðni mælinga skal ákveðið í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til efnastyrkur í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarkna. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og skráðar í gögn um innra eftirlit starfstöðvar. Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykkir.

2.2 Hávaði

Takmarka skal hávaða frá starfsemi eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

2.3 Loftmengun

Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og viðhalda þannig þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti. Þess skal gætt að ryk og lyktarmiklar eða hættulegar lofttegundir valdi ekki óþægindum eða hættu í nærliggjandi umhverfi.

3 Innra eftirlit og skráningar

3.1 Skráningar

Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum, umhverfis- og rekstrarþáttum á hverri starfsstöð. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:

- Magn og gerð spilliefna sem tekið er á móti
- Öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir, leka eða slys.
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum. Þ.e. upplýsingar um eftirlit með skiljunni, dagsetningu tæmingar og magn sands og olíusora sem fjarlægt er
- Rannsóknaniðurstöður af mælingum á olíu í fráveituvatni frá olíuskilju.
- Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennislagna. olíugeyma starfstöðvar, þ.e. fyrir neyslu-, húsa- eða lausageyma sem eru í notkun.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

3.2 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Til staðar skal vera viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa.

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.

3.3 Lóð og umhverfi

Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu og lóðarmörk virt. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfsemi tilheyrir skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágretta. Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóð fyrirtækisins.

Allt athafnasvæðið skal lagt vökvaheldu yfirborði og afgirt. Þar sem við á skal fráveita tengd viðeigandi mengunarvarnabúnaði.

4 Almenn ákvæði og gildissvið

4.1 Ábyrgð starfsleyfishafa

Starfsleyfishafi er ábyrgur fyrir starfsemi og því að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum hverju sinni sem og fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfsemi sinnar og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

4.2 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal upplýsa útgefanda starfsleyfis tímanlega um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið. Við áform um slíkar breytingar skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfi eftir því sem við á. Ef fyrirhuguð breyting sem rekstraraðili áformar, sbr. 1. mgr. er umtalsverð skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfið.

4.3 Stöðvun rekstrar

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Austurlands með minnst mánaðar fyrirvara um tímabundna rekstrarstöðvun eða varanlega rekstrarstöðvun og ráðstafanir þar að lútandi. Vinna skal eftir neyðaráætlun um stöðvun rekstrar í samræmi við gr. 7.5. Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.

4.4 Endurskoðun starfsleyfis

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Leiði endurskoðun eða breyting á starfsleyfi til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal útgefandi starfsleyfis auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.

4.5 Valdsvið og þvingunarúrræði

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5 Starfsemi hætt

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið

4. október 2022
Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

4. október 2022

Geststaðir ehf.
Gestsstöðum
751 Fáskrúðsfjörður

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis söfnunar- móttökustöð við Hjallaleiru 17-19 á Reyðarfirði.

Umsókn um starfsleyfi fyrir móttökustöð, að Hjallaleiru 17-19 á Reyðarfirði barst 23.8.2022. Umsækjandi er Geststaðir ehf., kt. 650512-0810. Skrifstofa félagsins er staðsett að Hjallaleiru 15.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi var útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 30. ágúst 2022. Veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda rann út þann 27. september sl.

Útgefandi starfsleyfis leitaði umsagnar skipulags og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar. Jákvæð umsögn vegna útgáfu starfsleyfis barst 3. október sl.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests og er því starfsleyfið gefið út í dag.

Í auglýstri tillögu vantaði fastanúmer á starfleysiskjalið og var því bætt inn við útgáfu. Engar efnislegar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllt,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Lára Guðmundsdóttir
AUSTURLANDSSVÆÐIS

Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Fylgiskjal I

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.
- 1.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla. (reglugerð 550/2018)
- 1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

- 2.1 Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorphlát.
- 2.2 Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.
- 2.3 Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.
- 2.4 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
- 2.5 Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.

3. MENGUNARVARNIR

3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

3.2 Loftræstingu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.

3.3 Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslu sem skerði mengunarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

3.4 Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.

3.5 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

3.6 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

3.7 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósonlagsins.

3.8 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.

3.9 Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

4.2 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfissvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.

4.3 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.

4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.

4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.

4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.

4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.

5. EFTIRLIT

5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Fylgiskjal II

Samræmd starfsleyfissskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðar breytingum

Starfsleyfissskilyrði fyrir flutning á spilliefnum

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1. Starfsleyfissskilyrði þessi gilda fyrir aðila sem annast söfnun og flutning á spilliefnum öðrum en þeim sem flutt eru með dælubifreiðum. Starfsleyfi sem gefin eru út á grunni þeirra falla úr gildi ef skipt er um eigendur eða starfsemin flytur. Starfsleyfissskilyrðin gilda fyrir flutning á spilliefnum frá móttökustöð til förgunarstöðvar eða til endurvinnslu.
Leyfið gildir um allt land, en þó ber rekstraraðilanum að tilkynna öðrum heilbrigðiseftirlitsvæðum um starfsemina þegar farið er í fyrsta skipti inn á annað heilbrigðiseftirlitssvæði. Tilkynning getur t.d. falist í því að senda afrit af starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðiseftirlits, sem getur þá haft samband við fyrirtækið, leiðbeint því um val á akstursleiðum, sett strangari skilyrði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eða jafnvel bannað akstur um viðkvæm vatnsverndarsvæði.
- 1.2. Ef um annan starfsleyfissskilyrðan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfissskilyrði. Heimilt er að endurskoða starfsleyfissskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni sem leiðir til bættra mengunarvarna.
- 1.3. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfissskilyrðum. Breytingar á rekstri skal tilkynna til leyfisveitanda. Við flutning á spilliefnum sem flokkast sem hættulegur farmur samkvæmt reglugerð nr. 984/2000, um flutning á hættulegum farmi, gilda ákvæði þeirrar reglugerðar eftir því sem við á, m.a. um réttindi ökumanns, viðurkenndar umbúðir, merkingar á umbúðum og ökutæki, fylgibúnað og fylgigögn (farmbréf fyrir hættulegan farm og flutningsslysablað).
- 1.4. Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum, umhverfis- og rekstrarþáttum á hverri starfsstöð. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
 - a) Magn og gerð spilliefna sem flutt eru.
 - b) Vegakort sem sýnir flutningsleiðir sem eknar eru oftast.
 - c) Skrá skal allar akstursleiðir sem liggja um viðkvæm svæði.
 - d) Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa.
 - e) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir, leka eða slys.Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðilum.

2. Mengunarvarnir og umhverfismál

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda flutningsbifreiðum, tækjum og búnaði ásamt byggingum og umhverfi hreinu og snyrtilegu. Fullnægjandi aðstaða skal vera fyrir hendi til daglegra þrifa á flutningstækjum.
- 2.2 Flutningstæki skulu vera þannig útbúin að spilliefni geti ekki fallið af þeim og/eða lekið niður og valdið ónæði eða óþrifum. Spilliefnum skal pakkað í lokuð ílát sem heilbrigðiseftirlit samþykkir og geta þau verið mismunandi eftir flutningsleiðum. Ílát skulu tryggilega fest þannig að þau kastist ekki til og tolli í farmrými ef óhöpp verða. Ef óhöpp verða skal strax hreinsa og þrifa upp það sem farið hefur niður. Við flutning um fjallvegi, náttúruverndarsvæði og/eða grannsvæði vatnsbóla skal spilliefnum skal pakkað í tryggilega lokuð ílát, þ.e. gjarðatunnur, málmkór eða annað sem ekki lekur ef til þess kæmi að bifreið myndi velta. Allur flutningur spilliefna um eða yfir brunnsvæði vatnsbóla er bannaður.
- 2.3 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 236/1990. Sá sem tekur við spilliefnum til flutnings skal ganga úr skugga um að umbúðir séu rétt merktar og að farmbréf fylgi. Ef upplýsingar vantar skal merkja farminn sem óþekkt spilliefni.

- 2.4 Rekstraraðili skal hafa tiltækar upplýsingar um eiginleika hættulegra efna og úrgangs í stjórnhúsi flutningstækis. Ennfremur skulu vera upplýsingar um eitrunareinkenni efna og úrgangs sem fluttur er, ásamt fyrstu hjálp og viðbrögð við bruna, leka eða slysi. Samskonar upplýsingar skulu vera í aðsetri fyrirtækisins. Þær skulu vera á íslensku eða tungumáli sem ökumaður skilur.
- 2.5 Í bifreiðum sem flytja fljótandi spilliefni ber að hafa til taks efni eða búnað sem sýgur í sig viðkomandi vökva og nota ef óhapp verður. Hvers konar óhöpp þar sem flutningur spilliefna á í hlut ber að tilkynna til neyðarlínu í síma 112.
- 2.6 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 2.7 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.

3. Eftirlit með færanlegri starfsemi

- 3.1 Fari starfsemin á eftirlitssvæði heilbrigðisnefndar sem ekki hefur gefið út starfsleyfi skal senda tilkynningu til fulltrúa beggja viðeigandi heilbrigðisnefnda sbr. gr.1.1.
- 3.2 Heilbrigðisfulltrúar hafa eftirlit með færanlegri starfsemi í umboði heilbrigðisnefndar á hverju eftirlitssvæði.
- 3.3 Heilbrigðisnefndir gera með sér samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á milli eftirlitssvæða. Gjaldtaka fyrir eftirlit skal vera í samræmi við gjaldskrá viðkomandi eftirlitssvæðis.

4. Ýmis ákvæði

- 4.1 Eintak af starfsreglum þessum skulu ávalt tiltæk á vinnustað.
- 4.2 Um starfsumhverfi og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.
- 4.3 Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði þessi.

Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á úrgangi SKILGREININGAR

Skilgreiningar skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs:

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og skráður er á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.

Fylgiskjal III

Samræmd starfsleyfissskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum

Starfsleyfissskilyrði fyrir flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum

5. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1. Starfsleyfissskilyrði þessi gilda fyrir aðila sem annast söfnun og flutning á úrgangi frá sorphátum til móttökustöðvar, frá starfsstöðvum til móttökustöðvar eða frá móttökustöðvum til förgunarstöðvar eða til endurvinnslu. Leyfið gildir um allt land, en þó ber rekstraraðilanum að tilkynna öðrum heilbrigðiseftirlitsvæðum um starfsemina þegar farið er í fyrsta skipti inn á annað heilbrigðiseftirlitssvæði. Tilkynning getur t.d. falist í því að senda afrit af starfsleyfi tilviðkomandi heilbrigðiseftirlits, sem getur þá haft samband við fyrirtækið, leiðbeint því um val á akstursleiðum, sett strangari skilyrði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eða jafnvel bannað akstur um viðkvæm vatnsverndarsvæði.
- 1.2. Ef um annan starfsleyfissskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfissskilyrði. Heimilt er að endurskoða starfsleyfissskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni sem leiðir til bættra mengunarvarna.
- 1.3. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfissskilyrðum. Breytingar á rekstri skal tilkynna til leyfisveitanda. Við flutning á spilliefnum sem flokkast sem hættulegur farmur samkvæmt reglugerð nr. 984/2000, um flutning á hættulegum farmi, gilda ákvæði þeirrar reglugerðar eftir því sem við á, m.a. um réttindi ökumanns, viðurkenndar umbúðir, merkingar á umbúðum og ökutæki, fylgibúnað og fylgigögn (farmbréf fyrir hættulegan farm og flutningsslysablað).
- 1.4. Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum, umhverfis- og rekstrarþáttum á hverri starfsstöð. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
 - a) Magn og gerð úrgangs sem flutt eru.
 - b) Vegakort sem sýnir flutningsleiðir sem eknar eru oftast.
 - c) Skrá skal allar akstursleiðir sem liggja um viðkvæm svæði.
 - d) Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa.
 - e) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir, leka eða slys.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðilum.

6. Mengunarvarnir og umhverfismál

- 6.1 Rekstraraðila er skylt að halda flutningsbifreiðum, tækjum og búnaði ásamt byggingum og umhverfi hreinu og snyrtilegu. Fullnægjandi aðstaða skal vera fyrir hendi til daglegra þrifa á flutningstækjum.
- 6.2 Flutningstæki skulu vera þannig útbúin að sorph eða úrgangur geti ekki fallið af þeim og/eða úrgangur lekið niður og valdið ónæði eða óþrifum. Ef óhöpp verða skal strax hreinsa og



þrifa upp það sem farið hefur niður. Við flutning um fjallvegi, náttúruverndarsvæði og/eða grannsvæði vatnsbóla skal gæta sérstakrar varúðar.

- 6.3 Einungis er heimilt að losa heimilissorp og framleiðsluúrgang á viðurkenndum sorpmóttöku- eða förgunarstöðum.
- 6.4 Ílát fyrir úrgang skulu merkt svo ekki fari milli mála hvað verið sé að flytja. Ef upplýsingar vantar skal merkja farminn sem óþekktan.
- 6.5 Starfseminni skal þannig hagað að hún valdi ekki nágrönnum eða fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna lyktar eða ónæðis.
- 6.6 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.

7. Eftirlit með færánlegri starfsemi

- 7.1 Fari starfsemin á eftirlitssvæði heilbrigðisnefndar sem ekki hefur gefið út starfsleyfi skal senda tilkynningu til fulltrúa beggja viðeigandi heilbrigðisnefnda sbr. gr.1.1.
- 7.2 Heilbrigðisfulltrúar hafa eftirlit með færánlegri starfsemi í umboði heilbrigðisnefndar á hverju eftirlitssvæði.
- 7.3 Heilbrigðisnefndir gera með sér samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á milli eftirlitssvæða. Gjaldtaka fyrir eftirlit skal vera í samræmi við gjaldskrá viðkomandi eftirlitssvæðis.

Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á úrgangi SKILGREININGAR

Skilgreiningar skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs:

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem handhafi úrgangs ákveður að losa sig við, ætlar að losa sig við eða er gert að losa sig við. (ath. þó ekki seyra)

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnýtingar eða förgunar.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.

Söfnunarstöð (gámastöð): staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.